

Fundur í foreldrafélagi Naustaskóla þann 3. Nóvember 2016.

Mættar á fundinn: Ingibjörg, Áshildur, Sólveig, Martha Lilja, Margrét og Borghildur Ína.

Fundur settur kl 17:15.

Margrét og Ingibjörg tóku að sér sæti í Samtaka fyrir hönd foreldrafélags Naustaskóla.

Áshildur baðst lausnar sem gjaldkeri en enginn fulltrúi á staðnum gat tekið það að sér svo það var ákveðið að taka ákvörðun um það síðar.

Borghildur Ína tók að sér starf ritara og mun hún finna fyrir sig afleysingu þegar hún kemst ekki á fund.

Ingibjörg sagði frá skólaráðsfundi og hvað var rætt um þar. Aðal málið var stuðningur við að klára skólalóðina og óskuðu skólastjórnendur eftir stuðningi foreldrafélagsins í því máli. Rætt á fundi foreldrafélags að kalla eftir að endurskoða skipulag skólalóðar með tilliti til þarfa nemenda skólans. Rætt um hversu mikið á að ýta á málefni skólalóðarinnar og hvernig skuli staðið að því. Einnig kom fram sú hugmynd að virkja foreldra til að fara á opna fundi bæjarfulltrúa til að gera athugasemdir við skólalóðina.

Rætt um umferðarhraða í grennd við skólann og lýsingu við gangbrautir og á bílastæði við Naustaskóla. Kom upp sú hugmynd að fá samstarf við hverfisnefnd til að vinna með foreldrafélaginu í að fá þetta bætt. Einnig ákveðið að fara með það inn á skólaráðsfund hvort skólinn geti unnið með okkur í þessu. Ákveðið að senda fyrirspurn/athugasemd á viðeigandi aðila hjá bænum og leggja áherslu á lýsinguna og öryggi barna í kringum skólann.

Ingibjörg ræðir pistilinn sem hún tók að sér að skrifa vegna þátttöku foreldra í skólastarfi s.s. bekkjarkvöldum og foreldrafélagi. Verður væntanlega birtur í fréttabréfi skólans næst.

Rætt um að setja fastan fundartíma sem hentar fyrir sem flesta. Ákveðið að fundir stjórnar verði aldrei lengri en 1 klukkustund. Ákveðið var að hafa fundi fyrsta fimmtudag hvers mánaðar kl 20:30 - og það koma þær sem komast. Þar sem skólaráðsfundir eru annan fimmtudag hvers mánaðar getur þetta fyrirkomulag hentað vel. Á milli funda munum við nota facebook síðu stjórnar og passa að vera duglegar að lesa þar og bregðast við.

Fleiri mál ekki á dagskrá og fundi slitið kl 18:15.

Ritari: Borghildur Ína